



Fundargerð

6. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 6. febrúar 2025, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Sólveig Ólafsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Dóra Esther Einarsdóttir, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Auður Eyþórsdóttir, setti fundinn oog greindi frá því að formaður myndi mæta seint á fundinn vegna verðmætajörgunar vegna veðurs.

Jafnframt bauð hún skólastjóra sérstaklega velkomna á sinn fyrsta fund hjá Velferðarráði.

Almenn mál

1. 2408005 - Uppskeruhátíð Skaftárhrepps

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, íþróttafulltrúi gerði grein fyrir málinu. Íþróttafulltrúi átti óformlegt samtal við Sigurgeir Skafta Flosason um mögulega aðkomu hans að Uppskeruhátíð Skaftárhrepps sem vel var tekið í. Sigurgeir Skafti hefur mikla reynslu af viðburðastjórnun og hefur hann t.d. komið að framkvæmd bæjarhátíða víða um Suðurland undanfarin ár, þar á meðal hjá nágrönnum okkar í Mýrdalshreppi. Velferðarráð samþykkir að íþróttafulltrúi ásamt Jóni Geir Ólafssyni og Sólveigu Ólafsdóttur fundi með Sigurgeiri Skafta um að hann taki að sér skipulagningu Uppskeruhátíðar.

2. 2408042 - Málefni íþrótta- og æskulýðsmála

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, íþróttafulltrúi, gerði grein fyrir málinu. Íþróttaæfingar barna og unglinga fara afar vel af stað á vorönn. Talsverð áskorun var síðasta haust að halda úti starfinu á þeim tíma sem skóladagurinn var styttri. Kom það mjög niður á mætingu þegar ekki var kostur á að hafa æfingar innan skólatíma. Allt er nú komið í réttan farveg að nýju og eru nýjustu tölur þær að 38/45 nemendum grunnskóla æfa eina eða fleiri íþróttagreinar.

Hreyfiáttak var sett af stað um miðjan janúar og stendur það út febrúar. Vel hefur verið tekið í þetta tilraunarverkefni og hafa til að mynda sjö fyrirtæki lagt til vinninga sem allir þeir sem taka þátt í átakinu eiga möguleika á að vinna. Um 40 manns hafa tekið þátt í átakinu það sem af er. Í febrúar er Lífshlaupið einnig í fullum gangi og ætti það að vera enn frekari hvatning til að drífa sig af stað og hreyfa sig. Bæði starfsfólk og nemendur Kirkjubæjarskóla taka þátt í Lífshlaupinu. Íþróttafulltrúa er einnig kunnugt um að starfsfólk íþróttaáráðs Skaftárhrepps taki þátt sem og þeir sem starfa á Kirkjubæjarstofu.



Hreyfing 60 gengur vel og bætist alltaf örlítið í hópinn öðru hverju þó það mætti vissulega vera meira um það. Íþróttafulltrúi stofnaði messenger hóp til að halda betur utan um hópinn og minna á viðburði. Það hefur skilað sér í jafnari og betri mætingu. Hreyfing 60 nær einnig til hreyfiáttaksins og hafa þau verið virk við að skrá tímána sína þar. Einnig má segja frá því að hreyfihópur 60 í Skaftárhreppi er skráður til leiks í Lífshlaupinu og keppa þar við hreyfihópa 60 um land allt.

Íþróttafulltrúi hefur unnið samhliða sínu starfi í grunnskólanum frá því í janúar 2023 og er að láta af störfum þar nú á næstu dögum. Meira svigrúm mun þá skapast fyrir hin ýmsu verkefni á vettvangi íþrótt- og æskulyósstarf í sveitarfélaginu. Má þar til að mynda nefna verkefni eins og Ungmennaráð þar sem miklir möguleikar eru á að bæta í. Þá gefst einnig tækifæri til að koma málefnum Öldungaráðs Skaftárhrepps í farveg. Í íþróttastarfi er stefnt á að gera enn betur í mótastarfi og gefa krökkunum okkar færi á að sækja fleiri mót í hinum ýmsu greinum.

Ungmennafélagið ÁS fékk í janúar úthlutað 200 þúsund krónum úr Íþróttasjóði Rannís. Sótt var um styrk vegna uppbyggingu frjálsíþróttastarfs innan félagsins. Svo gott sem allur búnaður fyrir frjálsíþróttir var kominn til ára sinna og mikil þörf var á að uppfæra búnað til að skapa betri aðstæður til æfinga. Styrkurinn hefur nú þegar verið nýttur í að panta nýjan búnað og lagði Skaftárhreppur einnig til upphæð á móti styrknum. Hluti pöntunarinnar hefur nú þegar skilað sér, kúlur, spjót og ýmis æfingaáhöld. En stærsti hlutinn er enn ókominn sem er ný hástökkisdýna.

3. 2408006 - Málefni leik- og grunnskóla Skaftárhrepps

Hólmi Friður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri og Dóra Esther Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri gerðu grein fyrir málinu. Greindu þær meðal annars frá samstarfi skóladeilda, að skólastjórnendur héldu fund aðra hvora viku, sameiginlegir nemendaverndarráðsfundir einu sinni í mánuði. Greindu þær jafnframt frá samvinnuverkefna svo sem Pals, lestrarkennsluaðferð, íþróttakennslu, tónmennt, árs hátíð, skólafest, lestrarstefnu og fleiri atriðum. Frá grunnskóladeild var greint meðal annars frá atvinnutengdu námi, Fit First rannsóknarverkefni, tækjakaupum samstarfi við grenndarsamfélagið Skólaláttinn, niðurstöðu lesfimiþrófs, sýnileg bæting er á milli prófa, hvað framundan er svo eitthvað sé upptalið. Nokkrar umræður urðu um þennan dagskrálið. Meðal annars kom það fram að átta börn væru á biðlista eftir leikskólalátti haldið verður áfram að reyna að fá starfsmenn til að starfa á leikskólanum.



4. **2502004 - Endurnýjun menntastefnu Skaftárhrepps**

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir og Dóra Esther Einarsdóttir gerðu grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir að fela skólastjóra að athuga með ráðgjafa til að sjá um endurnýjun á menntastefnu Skaftárhrepps.

5. **2502003 - Bygging á nýjum leikskóla**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til kynningar, fundargerð 3. fundar Byggingarnefndar um nýjan leikskóla, frá 30. janúar 2025 ásamt teikningum af nýjum leikskóla.

6. **2502002 - Styrkbeiðnir**

Formaður gerði grein fyrir málinu.

Velferðarráð Skaftárhrepps, samþykkir að styrkja jólatrésskemmtun á Kirkjubæjarklaustri um 50.000 krónur og jólatrésskemmtun í Tunguseli um 50.000 krónur, verða þessir styrkir teknir af deild 0573/4971. Jafnframt var samþykkt að styrkja ferð 7. bekkjar grunnskólans um 40.000 krónur vegna ferðar í skólabúðir að Reykjum í Hrítafirði. Verður sá styrkur tekin af deild 04211/2958.

7. **2502006 - Ráðning á skólastjóra**

Sveitarstjóri óskar eftir heimild Velferðarráðs til að auglýsa eftir skólastjóra og semja við Hagvang um ráðningaferlið. Velferðarráð samþykkir samhljóða heimild til handa sveitarstjóra og felur honum að auglýsa eftir skólastjóra í samstarfi við Hagvang.

8. **2502005 - Val á íþróttamanni Skaftárhrepps 2024**

Formaður gerði grein fyrir málinu alls bárust fjórar tilnefningar vegna vals á íþróttamanni ársins 2024. Þær voru

og

Velferðarráð velur _____ sem íþróttamann Skaftárhrepps 2024.

Jafnframt velur Velferðarráð _____ sem sjálfboðaliða ársins 2024.

Er formanni falið að finna dagsetningu fyrir uppskeruhátíð.



Fleira ekki gert,
fundir slitið kl. 15:16.

Bergur Sigfússon

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Eyþórsdóttir

Sveinn Hreiðar Jónsson

Sólveig Ólafsdóttir

Undirritunarsíða

Bergur Sigfússon



Undirritað af:
Bergur Sigfússon
2706942689
Dags: 18.02.2025
Tími: 20:55:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5

Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir



Undirritað af:
Arnfríður Sædis
Jóhannesdóttir
2710882219
Dags: 17.02.2025
Tími: 18:26:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5

Gunnar Pétur Sigmarsson



Undirritað af:
Gunnar Pétur Sigmarsson
1107862559
Dags: 17.02.2025
Tími: 18:32:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5

Auður Eypórsdóttir



Undirritað af:
Auður Eypórsdóttir
0601862439
Dags: 18.02.2025
Tími: 09:53:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5

Sveinn Hreiðar Jensson



Undirritað af:
Sveinn Hreiðar Jensson
0809824459
Dags: 18.02.2025
Tími: 21:01:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5

Sólveig Ólafsdóttir



Undirritað af:
Sólveig Ólafsdóttir
0108852809
Dags: 17.02.2025
Tími: 23:46:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: dd090e32-
38da-49ef-9991-
e3e07443a7a5